Fundargerð

14. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ þriðjudaginn 24. janúar 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Björg Ágústsdóttir og í síma Helgi Sigurður Haraldsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir.

Formaður setti fund klukkan 17:15 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 13. fundar frestað. Engin mál til að staðfesta.

2. Erlend verkefni FRÍ, birting verkefnayfirlits 2017

Farið yfir yfirlitið, bætt við mótum og uppfært miðað við umræður. Samþykktar tillögur um kostnaðarþátttöku. Ákveðið að senda til umsagnar unglinganefndar og íþrótta- og afreksnefndar. Umsögnum skal skilað þriðjudaginn 31. janúar.

3. Viðmið/lágmörk/reglur vegna utanlandsmóta 2017

Umsagnir hafa borist frá nefndum. Frestað til næsta fundar. Reglurnar eru í samræmingu hjá formanni og varaformanni m.t.t. umsagna. Verkefnið í góðum farvegi. Stefnt að afgreiðslu á næsta fundi.

4. Uppgjör árs 2016 og fjárhagsáætlun 2017

Gjaldkeri gerði grein fyrir vinnu við uppgjörið og stöðu á fjárhagsáætlun 2017. Vísað til næsta fundar.

5. Búningamál

Tengiliður íþróttamannanefndar gerði grein fyrir umsögn nefndarinnar varðandi eitt einstakt mót. Í vinnslu er að skoða betur endurskoðun á samningum um búningamál. Meðstjórnendum og formanni falið að vinna málið áfram með verkefnastjóra FRÍ. Skilgreina þarf þarfir FRÍ.

6. Skrifstofa – Starfsmannahald

Með tilvísun til minnisblaðs skrifstofuhóps er formanni falið áfram að vinna með tillögur skrifstofuhópsins sbr. umræður um starfsmannahald.

7. RIG – Verkefnalisti

Rætt um aðgangseyri og ýmis önnur verkefni. Mikilvægt að tryggja að mótið sé vel kynnt og boðsgestir og ungmenni séu hvött til að mæta. Verkefnastjórn FRÍ sér um að vinna úr verkefnum RIG með stjórn.

9. Önnur mál

i. Formaður gerði grein fyrir viðræðum við ÍR þar sem NM innanhús 2018 og Stórmót ÍR færu fram á sömu helgi. Úrvinnslan í góðum farvegi og þarna stefnir í góða helgi Frjálsra íþrótta.
ii. Tilkynnt að EEA hefði ákveðið að veita Friðriki Óskarssyni viðurkenningu fyrir framlag til frjálsra íþrótta m.a. vegna mótaforritsins ÞÓR. Stjórn FRÍ sendir Friðriki hamingjuóskir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:45. Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.